



# Pistill sveitarstjóra

## Skútustaðahreppur

23. jan. 2020 – Pistill nr. 67

Kæru Mývetningar nær og fjær. Mikil tilhlökkun er fyrir helginni enda verður þá hið landsfræga þorablót Kvenfélags Mývatnssveitar haldið í Skjólbrekku. Þar verður að vanda þétt setið og heimatilbúin skemmtiatriði þar sem horft verður í spéspegilinn.



Við undirritun samningsins. F.v. Sigríður Jóhannesdóttir formaður slysavarnadeildarinnar Hring, Þorsteinn sveitarstjóri og Kristján Steingrímsson formaður Björgunarsveitarinnar Stefáns.

### Samið við Björgunarsveitina Stefán og Slysavarnadeildina Hring

Sveitarstjórn hefur samþykkt samning við Björgunarsveitina Stefán og Slysavarnadeildina Hring um almennan stuðning sveitarfélagsins við rekstur félaganna. Er þetta í fyrsta sinn sem formlegur samningur er gerður á milli þessara aðila en hann rúmast innan fjárhagsáætlunar ársins. Er þetta virkilega ánægjulegt enda gegna bæði björgunarsveitin og slysavarnadeildin mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi. Skrifað var undir samninginn í dag.



Sigrún Björg fjölmenningsfulltrúi fræðir starfsfólks Skútustaðahrepps.

### Sigrún Björg ráðin sameiginlegur fjölmenningsfulltrúi Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings

Í samræmi við fjárhagsáætlun 2020 samþykkti sveitarstjórn samstarfssamning Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um starf fjölmenningsfulltrúa í sveitarfélögunum þremur. Norðurþing mun annast allt er snýr að ráðningarsamningi starfsmannsins, launagreiðslum og skil á launatengdum gjöldum og bera 50% kostnaðarins er hlýst af ráðningarsambandinu, en Skútustaðahreppur 20% og Þingeyjarsveit 30%. Fjölmenningsfulltrúinn mun dreifa viðveru sinni til samræmis við ofangreind hlutföll kostunar sveitarfélaganna á starfinu. Er ráðningin jafnframt í samræmi við Fjölmenningsstefnu Skútustaðahrepps sem samþykkt var á síðasta ári. Helsta verkefni fjölmenningsfulltrúans

er að fylgja stefnu sveitarfélagsins eftir og þeim fjölmörgu verkefnum sem þar eru tilgreind. Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir var ráðin fjölmenningsfulltrúi á síðasta ári. Hún hefur lokið grunn- og meistaranámi í mannfræði frá Háskóla Íslands og hefur unnið sem verkefnastjóri að mannúðar- og innflytjendamálum bæði hjá Sendiskrifstofu Íslands í Úganda og hjá Þekkingarneti Þingeyinga þar sem hún vann að rannsókn á högum innflytjenda á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Sigrún hefur sömuleiðis tekið þátt í sjálfbóðaliðaverkefnum á vegum Rauða Krossins, var sjálfbóðaliði hjá mannréttindaskrifstofu Íslands og vann við sjálfbóðastörf í Úganda og í Palestínu.

Við bjóðum Sigrúnu velkomna til starfa en viðvera hennar í Mývatnssveit verður fljótlega auglýst. Starfsfólk Skútustaðahrepps hefur þegar fengið að njóta fræðslu Sigrúnar um fjölmenningsmál en það var á sameiginlegum starfsmannadegi sveitarfélagsins síðasta haust.



Frá fyrsta fundi ungmennaráðs. Frá vinstri: Anna Mary, Arna Þóra, Helgi varaformaður, Inga formaður og á skjánum er Dóróthea en hún var þátttakandi í gegnum fjárfundabúnað.

### Ungmennaráð tekið til starfa

Nýskipað ungmennaráð Skútustaðahrepps hefur formlega tekið til starfa en það fundaði í fyrsta sinn í síðustu viku. Arnþrúður Dagsdóttir er starfsmaður ráðsins. Í samþykkt fyrir nýstofnað ungmennaráð Skútustaðahrepps segir um skipan ráðsins:

- Tveir fulltrúar úr 8. til 10. bekk Reykjahlíðarskóla og tveir til vara sem valdir eru árlega. Nemendur skólans velja sína fulltrúa með samráði eða

kosningu.

- Þrír fulltrúar og þrír til vara sem velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps velur úr hópi þeirra sem eru ekki á grunnskólaaldri. Fulltrúar Reykjahlíðarskóla verða: Aðalmenn Arna Þóra Ottósdóttir og Anna Mary Yngvadóttir. Varamenn eru Júlía Brá Stefánsdóttir og Kristján Snær Friðriksson. Auglýst var eftir fulltrúum á aldrinum 16-21 árs og eru aðalmenn þau Helgi James Price Þórarinsson, Inga Þórarinsdóttir og Dóróthea Gerður Örnólfsdóttir. Varamenn verða fljótlega tilnefndir.

Á fundinum skipti ungmennaráðið með sér verkum og er *Inga formaður* og *Helgi varaformaður*. Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 14 til 21 árs í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun sveitarstjórnar um málefni er tengjast ungu fólki. Er það mikið fagnaðarefni að ungmennaráð skuli tekið til starfa í sveitarfélaginu.

### Samgöngusamningar í anda lýðheilsustefnu

Sveitarstjórn samþykkti við gerð fjárhagsáætlunar að heimila að gera samgöngusamninga við starfsfólk Skútustaðahrepps. Um tilraunaverkefni verður að ræða í eitt ár til að byrja með. Samgöngugreiðslur eru 350 kr á dag en að hámarki kr. 7.000 á mánuði árið 2020, sem greiðist út mánaðarlega með launum. Greiðslur þessar eru undanþegnar staðgreiðslu. Skútustaðahreppur skuldbindur sig til þess að greiða samgöngustyrk í allt að 9 mánuði á ári, ef starfsmaður getur sýnt fram á að hann nýti vistvænan/heilsusamlegan ferðamáta. Hægt er að nota hvaða 9 mánuði sem er innan almanaksársins. Markmiðið er að hvetja starfsfólk, sem býr innan við 6 km frá vinnustað, til að nýta sér vistvæna og heilsusamlega samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað.

Með vistvænum og heilsusamlegum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en einkabifreið t.d. reiðhjól, ganga eða rafknúð farartæki.

### Rekstur leik- og grunnskóla

Á fundi skóla- og velferðarnefndar var lögð fram samantekt frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um rekstur leik- og grunnskóla á landinu árið 2018.

#### Leikskólinn Ylur:

Fjöldi barna alls 32, heilsdagsígildi 29.

Skipting eftir dvalartíma: 4 tímar 6% - 5 tímar 3% - 6 tímar 9% - 7 tímar 25% - 8 tímar 56%.

Starfsmenn alls 9. Þar af 2 leikskólakennarar og 2 með aðra uppeldismenntun.

Fjöldi heilsdagsígila á hvert stöðugildi: 4.23 (42. sæti af 61 leikskóla).

Hlutfall þjónustutekna af beinum rekstrarkostnaði leikskóla: 9% með innri leigu (52.-55. sæti af 61),

11% án innri leigu. Rekstrarkostnaður á hverja 1.000 íbúa: 157.513 kr. með innri leigu (45. sæti). Innri leiga sem % af rekstrarkostnaði: 12% (15.-18 sæti).

Hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum: 16% með innri leigu (52.-57. sæti af 69).

Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi með innri leigu: 2.065 (38. sæti af 60). Vegið meðaltal er 2.197.

#### Reykjahlíðarskóli:

Stöðugildi starfsfólks samtals 10,5. Stöðugildi kennara 6,3, þar af 4,3 með kennsluréttindi eða 67% (52.-54. sæti af 62).

Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara: 5,5 (55. sæti af 62).

Fjöldi stöðugilda á hverja þúsund íbúa: 13 (6.-7. sæti).

Beinn rekstrarkostnaður grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum (með innri leigu): 24% (3.-4. sæti af 61).

Rekstrarkostnaður vegna grunnskóla á hverja þúsund íbúa (með innri leigu): 218.312 (3. sæti).

Beinn rekstrarkostnaður (brúttó) á hvern nemenda: 3.075 (47. sæti af 61).

Heildarútgjöld vegna leikskóla og grunnskóla með innri leigu sem hlutfall af skatttekjum: 45% (31.-36. sæti af 70). Vegið landsmeðaltal er 46%.

Samkvæmt þessu er rekstur leikskóla og grunnskóla á pari við það sem gerist annars staðar á landinu.

### Vetrarþjónusta í Víkurskarði verði aukin

Sveitarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:

„Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni hefur vetrarþjónusta í Víkurskarði verið lækkuð úr þjónustuflokki 2 niður í 3 sem hefur í för með sér mun minni þjónustu en áður.

Þetta þýðir samkvæmt svari Vegagerðarinnar að í „mildu veðri þar sem ekki er mikil ofankoma og vindur, er vegurinn þjónustaður samkv.

þjónustuflokk 3 og þjónusta hefst um kl. 07:30 og lýkur um kl. 20:00 á virkum dögum. Þegar færð fer að spillast og mikil snjósöfnun verður á vegum áskilur Vegagerðin sér rétt til þess að skerða þjónustu um Víkurskarð. Lokun á Víkurskarði skal



## Vígsla nýja leikskólans 6. febrúar n.k.

Vígsla nýja leikskólans verður á degi leikskólans, 6. febrúar n.k. Áætlað er að hátíðin verði kl. 16. Leikskólastjóri, formaður skólanefndar og sveitarstjóri ásamt starfsfólki leikskólans sjá um undirbúninginn. Nánari upplýsingar verða sendar út fljótlega.

vera þannig að þegar færð er farin að spillast og vindur er kominn í 10 m/sek með úrkomu og/eða skafrenningi, og veðurspáin er versnandi þá skal hætta mokstri. Ekki verður farið í opnun vegar fyrr en vindur er kominn niður fyrir 10 m/sek og veðurspá batnandi og úrkoma og skafrenningur eru hætt. Opnun á Víkurskarði nýtur ekki forgangs þannig að ef mikið álag er í snjómokstri þá ganga aðrar leiðir fyrir og opnun fer fram um leið og allar aðalleiðir eru orðnar færar. Tímasetningar hér að ofan eru miðaðar við meðal snjálög. Í miklum snjó er gert ráð fyrir að opnun vega geti verið seinni en að ofan greinir.“

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mótmælir harðlega þessari þjónustuskerðingu Vegagerðarinnar. Vaðlaheiðagöng eru sannarlega mikil samgöngubót en allan tímann var því haldið á lofti að þjónusta í Víkurskarði yrði ekki skert með tilkomu ganganna. Ekkert samráð hefur verið haft við sveitarfélögin við skerðingu á þjónustu í Víkurskarði. Með þjónustuskerðingunni er Vegagerðin að þvinga íbúa til þess að fara í gjaldtöku í göngunum og er þetta eina svæðið á landinu sem býr við slíkar aðstæður. Þessu er mótmælt harðlega og farið fram á að þjónusta í Víkurskarði verði færð aftur í þjónustuflokk 2.“



Vetrardýrð í Mývatnssveit. Myndin var tekin síðasta sunnudag.

## Mikilvægi gestastofu í Mývatnssveit – Umsögn sveitarfélagsins um Hálendisþjóðgarð

Á fundi sveitarstjórnar var lögð fram umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð sem mikið hefur verið til umræðu að undanförunu. Umsögnin var send inn í

samráðsgátt stjórnvalda 14. janúar s.l. og er hún eftirfarandi:

„Vísað er til máls nr. 317/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda. Ítrekað er að nefndin hefur haft gott samráð við sveitarstjórnir á þessu svæði við vinnslu málsins.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áréttar fyrir umsagnir um málið. Fyrirætlanir um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu fela í raun í sér viðamiklar friðunaraðgerðir. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er sem fyrr jákvæð gagnvart stofnun slíks þjóðgarðs en telur mikilvægt að eftirfarandi sé haft til hliðsjónar við gerð frumvarpsins:

Sú grundvallarbreyting hefur orðið í málinu frá síðasta umsagnarferli að í þessari skýrslu um áform um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð er gert ráð fyrir sameiningu Vatnajökulsþjóðgarðs við nýjan Hálendisþjóðgarð, eða eins og segir í kafla D: „*Gert er ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður verði hluti Hálendisþjóðgarðs og falla því lög um Vatnajökulsþjóðgarð niður verði frumvarp þetta að lögum.*“

Sveitarstjórn leggur áherslu á í ljósi þessa:

Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 segir í 16. gr. að megin starfsstöðvar þjóðgarðsins skulu staðsettar í Ásbyrgi, Mývatnssveit, Skriðuklaustri, Hornafirði, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri. Annað hvort er búið að byggja gestastofur eða undirbúningur langt kominn (Kirkjubæjarklaustur), á öllum þessum stöðum, nema í Mývatnssveit. Um meginstarfsstöðvar Vatnajökulsþjóðgarðs er einnig fjallað um í reglugerð 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarðs og í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í drögum að nýju frumvarpi um Hálendisþjóðgarð segir í 12. grein að þjónusta og upplýsingar séu veittar á meginstarfsstöðvum Hálendisþjóðgarðs „og skal a.m.k. ein meginstarfsstöð rekin fyrir hvert rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Um þjónustu og upplýsingagjöf í Hálendisþjóðgarði, þ.m.t. rekstur

*gestastofa og þjónustustöðva, fer að öðru leyti skv. ákvæðum laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.*

Hér hefur því verið beygt af leið og ekki tryggt að næsta gestastofa rísi í Mývatnssveit líkt og skýrt var kveðið um í lögum um Vatnajökulspjóðgarð. Þetta eru gríðarleg vonbrigði og í raun svik við Mývetninga. Þetta er einnig á skjön við áherslur þverpólítískrar nefndar um Hálendisþjóðgarð samkvæmt skýrslu sem hún skilaði frá sér um Hálendisþjóðgarð í desember 2019. Í skýrslu nefndarinnar segir á bls. 41:

*„Af þessum stöðum hafa fjórar miðstöðvar þegar verið byggðar og eru komnar í rekstur innan Vatnajökulspjóðgarðs: Í Ásbyrgi, Fljótsdal, á Höfn í Hornafirði og í Skaftafelli. Aðrir tveir staðir fyrir þjóðgarðsmiðstöðvar eru tilgreindir sérstaklega í lögum um Vatnajökulspjóðgarð, Kirkjubæjarklaustur (hönnun lokið og framkvæmdir að hefjast) og Mývatnssveit (á undirbúningsstigi). Nefndin telur sjálfsagt að vinna út frá því að þessir staðir sem þegar eru í rekstri eða ákvörðun hefur verið tekin um verði þróaðir áfram sem hluti af innviðum hins nýja þjóðgarðs.“*

Í skýrslunni á bls. 51 segir jafnframt:

*„Tryggt verði sérstaklega að miðstöðvar sem þegar hefur verið mörkuð stefna um að byggja upp í Vatnajökulspjóðgarði verði kláraðar, þótt útfærsla og markmið taki breytingum m.t.t. markmiða með stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.“*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur áherslu á að afar mikilvægt er að halda inni í lögum um Miðhálandisþjóðg ákvæði um gestastofu í Mývatnssveit svo staðið verði við þau áform og loforð sem gefin voru um málið á sínum tíma. Sveitarstjórn hefur þegar bókað um mikilvægi gestastofu og hóf undirbúning að staðsetningu og þarfagreiningu fyrir ári síðan að ósk Vatnajökulspjóðgarðs. Á 47. fundi svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs 2017 var bókað um mikilvægi gestastofu í Mývatnssveit sem og á stjórnarfundi Vatnajökulspjóðgarðs 17. maí 2017. Sveitarstjórn telur jafnframt að sameining Vatnajökulspjóðgarðs og Hálendisþjóðgarðs sé jákvætt skref en gangi hins vegar ekki nógu langt.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri umsagnir sínar þar sem lögð var áhersla á að ekki verði búin til ný stjórnsýslueining með Hálendisþjóðgarði heldur verði allir þjóðgarðar landsins sameinaðir undir einni stofnun og þar með eitt rekstrarsvæði þar sem sveitarfélögin eigi sína fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins. Með því næst betri yfirsýn um rekstur þjóðgarðanna og önnur friðlýst svæði, stefnumótunin verður markvissari og betri tenging við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægt er að staða annarra þjóðgarða verði metin saman í þessu samhengi. Því leggur sveitarstjórn áherslu á að þjóðgarðarnir á Þingvöllum og Snæfellsjökli falli einnig um Hálendisþjóðgarðinn þannig að úr verði ný sameignleg og kraftmikil stofnun.

Önnur mikilvæg atriði:

- Mikilvægt er að tryggja fjármagn til starfsemi og rekstrar Hálendisþjóðgarðsins, ekki síst svo fulltrúar sveitarfélaganna sem sitja í svæðisráðum fái greidd laun fyrir stjórnarsetu en til þessa hafa sveitarfélögin borið kostnaðinn af stjórnarsetunni.
- Afar mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt og á engan hátt skert. Með stofnun þjóðgarðsins er verið að færa skipulagsvaldið að hluta til stjórnunar- og verndaráætlana, slíkar áætlanir mega aldrei takmarka eða ganga á skipulagsvald sveitarfélaganna og er það ákvæði í frumvarpinu ekki nógu skýrt.
- Löng hefð er fyrir nýtingarétti á miðhálandinu eins og veiðirétti og upprekstrarétti. Afar mikilvægt er að svo verði áfram svo sátt náist um starfsemi þjóðgarðsins.
- Löng hefð er fyrir minka- og refaeyðingu og vargeyðingu í Mývatnssveit til að vernda lífríki náttúrunnar eins og kveðið er á um í stjórnar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár. Ekkert er minnst á þetta í frumvarpinu. Afar mikilvægt er að minka-, refa- og vargeyðing verði áfram heimil svo sátt náist um starfsemi þjóðgarðsins.
- Tillögur að helstu áherslum í atvinnustefnu og greining tækifæra með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf á eftir að útfæra og þarf

að gerast í samráði við sveitarfélögin. Það á einnig við um verndar- og nýtingaáætlun.

- Stærsti hluti lands innan miðhálandislínunnar eða um 85% er þjóðlenda og/eða þegar friðlýst svæði innan afmörkunarinnar, sem byggir á almennri afstöðu nefndarinnar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að ekki séu forsendur til að útvíkka mörk hálandisins umfram það sem nefndin leggur til á þessu stigi, án þess að útiloka frekar útvíkkun þegar fram líða stundir.

- Enginn virkjunarkostur í Skútustaðahreppi fellur innan afmörkunar miðhálandislínunnar sem er í nýtingaflokki en Hróthálsar eru í biðflokki. Engu að síður er mikilvægt að benda á að nýting endurnýjanlegrar orku á hálandinu getur skipt máli fyrir þjóðarhag. Mikilvægt er að miðhálandisþjóðgarður hamli ekki áframhaldandi rekstri orkumannvirkja en samkvæmt gildandi rammaáætlun og skýrslu verkefnisstjórnunar 3. áfanga eru virkjunarkostir í nýtingaflokki. Mikilvægt er að meta þessa hluti heildstætt og þar með þau áhrif sem friðanir og friðlýsingar munu hafa á nauðsynlega auðlindanýtingu í þágu orkuvinnslu enda getur hún farið mjög vel saman við meginmarkmið friðunar að öðru leyti, enda sé gætt ítrustu mótvægisáðgerða. Tekið er undir að skynsamlegt er að skipta miðhálandisþjóðgarði í nokkra verndarflokka, ekki er andstætt IUCN flokkun að skilgreina orkuvinnslusvæði innan þjóðgarðs."

### Álagning fasteignagjalda 2020

Álagningu fasteignagjalda fyrir 2020 í Skútustaðahreppi er lokið. Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert.

Álagningaseðillinn 2020 verður birtur rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is) og sendur út í pósti á þá aðila sem þess óska. Hafa þarf samband við hreppsskrifstofu til að fá álagningaseðilinn sendan. Fasteignagjöld eru innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka. Fasteignagjöld eru innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að greiða í netbanka.

Fasteignaeigendum er bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum eða boðgreiðslur af greiðslukortum. Ekki er veittur staðgreiðsluafsláttur af fasteignagjöldum.

Fasteignagjöld 2020:

Fasteignaskattur A 0,625% af fasteignamati

Fasteignaskattur B 1,32% af fasteignamati

Fasteignaskattur C 1,65% af fasteignamati

Vatnsgjald 0,15% af fasteignamati.

Holræsagjald 0,225% af fasteignamati.

Lóðaleiga kr. 10,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 25.000

verða alls 10, sá fyrsti 1. febrúar 2020. Gjaldalagi

gjalda undir kr. 25.000 verður 1. maí 2020.

Reglur um afslátt af fasteignargjöldum:

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um

tekjustofna sveitarfélaga er sveitarfélögum heimilt

að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem

tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að

greiða. Er sveitarfélögum skylt að setja sér reglur

um beitingu heimildarinnar.

Skilyrði lækkunar eru að;

- viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi,
- viðkomandi eigi lögheimili í eigninni,
- viðkomandi sé þinglýstur eigandi að eigninni,
- einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr

í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og

örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að 5.410.000 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 7.546.950 kr.

80% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.410.001 til 6.221.500 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.546.951 til 8.385.500 kr.

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu 6.221.501 til 7.227.760 kr.

Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 8.385.501 til 8.926.500 kr.

Miðað er við tekjuárið 2018.

Álagning fasteignagjalda á fasteignir sem leyfi hafa til reksturs gististaða:

Ef afnotum fasteignar sem metin er sem ein heild er á þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka, sbr. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 að viðbættu álagi sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 sem Skútustaðahreppur hefur nýtt sér. Skal eiganda veittur andmælaréttur áður en hlutfallsleg skipting er ákveðin í upphafi eða henni breytt.

Frekari upplýsingar um álagningu fasteignagjalda eru veittar á heimasíðu sveitarfélagsins:

[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is). Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið [halla@skutustadahreppur.is](mailto:halla@skutustadahreppur.is) eða hringja í síma 46 46 660.



### Starfsmaður íþróttamiðstöðvar í heilsársstarf

Laust er til umsóknar starf starfsmanns Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps. Um er að ræða ótímabundið 60% starf í vaktavinnu frá og með mars 2020. Næsti yfirmaður er forstöðumaður íþróttamannvirkja.

#### Helstu verkefni:

- Móttaka og þjónusta við viðskiptavinum
- Öryggisgæsla og baðvarsla
- Þrif og þvottur
- Umhirða og eftirlit með íþróttahúsi og tækjum þar sem það á við
- Uppgjör og meðferð innkomufjár

#### Hæfnikröfur:

- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki
- Rík þjónustulund og jákvæðni

- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Hand- og verklagni

- Haldgóð þekking í skyndihjálpi

Launakjör eru samkvæmt samningum launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2020.

Umsóknum skal skilað á netfangið

[ims@skutustadahreppur.is](mailto:ims@skutustadahreppur.is) eða á skrifstofu

forstöðumanns íþróttamannvirkja. Með umsókn skal

fylgja ferilskrá. Við hvetjum konur jafnt sem karla til

að sækja um starfið. Umsóknareyðublöð eru á

heimasíðu Skútustaðahrepps. Aldurstakmark er 18 ár.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Price forstöðumaður í

síma 464 4225 og í gegnum netfangið

[ims@skutustadahreppur.is](mailto:ims@skutustadahreppur.is). Öllum umsóknum

verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur

verið tekin. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

### Sumarstarfsmaður í íþróttamiðstöð

Laust er til umsóknar starf sumarstarfsmanns

Íþróttamiðstöðvar Skútustaðahrepps. Um er að

ræða tímabundið 100% starf í vaktavinnu sumarið

2020 samkvæmt nánara samkomulagi. Næsti

yfirmaður er forstöðumaður íþróttamannvirkja.

#### Helstu verkefni:

- Móttaka og þjónusta við viðskiptavinum
- Öryggisgæsla og baðvarsla
- Þrif og þvottur
- Umhirða og eftirlit með íþróttahúsi og tækjum þar sem það á við
- Uppgjör og meðferð innkomufjár

#### Hæfnikröfur:

- Góð samskiptafærni og sveigjanleiki
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Hand- og verklagni

Launakjör eru samkvæmt samningum launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2020.

Umsóknum skal skilað á netfangið

[ims@skutustadahreppur.is](mailto:ims@skutustadahreppur.is) eða á skrifstofu

forstöðumanns íþróttamannvirkja. Með umsókn

skal fylgja ferilskrá. Við hvetjum konur jafnt sem

karla til að sækja um starfið. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Skútustaðahrepps. Aldurstakmark er 18 ár.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Price forstöðumaður í síma 464 4225 og í gegnum netfangið [ims@skutustadahreppur.is](mailto:ims@skutustadahreppur.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.



### **Sigrún fulltrúi í öldungaráði**

Samkvæmt 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skulu sveitarfélög sem samstarf hafa um öldrunarþjónustu, ásamt félögum eldri borgara á þjónustusvæðinu, koma sér saman um samsetningu öldungaráðs. Öldungaráði er ætlað að vera formlegur samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagins. Sveitarstjórnir Norðurþings, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Langanesbyggðar, Svalbarðshrepps og Tjörneshrepps eru með samning um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu þar sem Norðurþing er leiðandi sveitarfélag.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á síðasta ári að óska eftir því við Norðurþing að fá að tilnefna fulltrúa sinn í sameiginlegt öldungaráð á þjónustusvæðinu.

Norðurþing hefur samþykkt að starfsemi þess verði útvíkkað og taki til alls svæðisins og hefur boðið öðrum sveitarfélögum að tilnefna aðal- og varamenn.

Samþykktar voru tilnefningar frá Félagi eldri Mývetninga um fulltrúa Skútustaðahrepps í sameiginlegt öldungaráð. Fulltrúi Mývetninga eru: Aðalmaður: Sigrún Jóhannsdóttir. Varamaður: Ásdís Illugadóttir.



### **Hrós dagsins...**

Fær Ólöf Hallgrímsdóttir sem sæmd var riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til ferðaþjónustu og atvinnulífs í heimabyggð. Innilega til hamingju Ólöf, við erum stolt af þér.

### **Ýmislegt**

Að vanda hef ég sótt ýmsa formlega og óformlega fundi að undanfögnu og má þar nefna forstöðumannafund, hjá skipulagsnefnd, samstarfsnefnd sem skoðar sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, með nýskipuðu ungmennaráði, skóla- og félagsmála-nefnd, framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Þingeyinga o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**